

Fóðursamningur vegna hunds

Eftirfarandi samkomulag hefur náðst á milli ræktanda og fóðuraðila.
Samningur þessi felur í sér að fóðuraðili má ekki nota hundinn í ræktun
fyrir en ræktandi hefur nýtt ræktunarrétt sinn.



Upplýsingar um hund

Tegund	Kyn
Ættbókarnafn	Ættbókarnúmer
Örmerki	Fæðingardagur
Skoðun hjá dýralækni dags. - bólusetningavottorð fylgir	Bólusetting Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>

Ræktandi

Nafn	Kennitala
Heimilisfang	Sími
Póstnúmer og staður	Netfang

Fóðuraðili

Nafn
Heimilisfang
Póstnúmer og staður

Skilmálar (ATH: Breytingar á samningstexta geta brotið í bága við lög og reglur HRFÍ).

Hundurinn er afhentur fóðuraðila en er áfram eign ræktanda. Endurgjald fóðuraðila við afhendingu er _____ Ræktandi heldur umsömdum ræktunarrétti auk þess sem ræktandi hefur heimild til að: Skrá hundinn á sýningar <input type="checkbox"/> Skrá hundinn í keppni/próf <input type="checkbox"/>	
Tík Ræktandi áskilur sér rétt til að fá _____ got (hámark 2 skipti) með að minnsta kosti einum lifandi hvolpi sem nær 8 vikna aldri, í hverju goti. Ræktandi sér um þörun, got og umönnun hvolpa og ber ábyrgð á kostnaði sem til fellur, þ.m.t. dýralækniskostnaði. Kostnaður vegna annarrar umönnunar tíkarinnar greiðist af fóðuraðila. Got Taki fóðuraðili að sér að annast gotið fær hann greiddar _____ fyrir hvern hvolp.	Rakki Ræktandi áskilur sér rétt til að fá _____ got undan rakkanum (hámark 4) með að lágmarki einum lifandi hvolpi við 8 vikna aldri í hverju goti. Ræktandi ber ábyrgð á öllum kostnaði í tengslum við nýtingu ræktunarréttar síns. Kostnaður vegna annarrar umönnunar rakkans greiðist af fóðuraðila.

Eignarréttur og önnur réttindi færast yfir á fóðuraðila eftir að ræktunarréttur hefur verið nýttur, sbr. ofangreint, þó eigi síðar en 5 árum eftir undirritun samnings, eða, þegar um tík er að ræða, tíkin hefur náð 7 ára aldri, gerist það fyrir.

Sérstök undanþága er fyrir Cavalier King Charles Spaniel tegundina. Varðandi hunda af þeirri tegund gildir, að ef ræktunarréttur er ekki nýttur, yfirfærast eignarréttur til fóðuraðila þegar hundur hefur náð 7 ára aldri, óháð því hvenær samningur var undirritaður.

Tryggingar

Líf- og sjúkdómatrygging

Skal líftrygging vera til staðar?

Já

Nei

Skal sjúkdómatrygging vera til staðar?

Já

Nei

Greiðandi trygginga

Ræktandi

Fóðuraðili

Tryggingafélag

Líftryggingarupphæð

Undirskriftir

Að öðru leyti gilda þau skilyrði sem koma hér á eftir. Með þessum samningi sem er undirritaður í tveim eintökum, einu fyrir ræktanda og öðru fyrir fóðuraðila, samþykkja báðir aðilar skilmálana.

Staður og dagsetning

Staður og dagsetning

Ræktandi

Fóðuraðili



Réttindi og skyldur

Á við rakka

1. Ræktandi skuldbindur sig til að framselja ekki réttindi sín samkvæmt samningi þessum. Ræktandi tekur ákvörðun um það við hvaða tíkur rakkinn er paraður.
2. Ræktandi ráðstafar rakka í tengslum við pörun eins lengi og þörf krefur, þó að hámarki í 10 daga við hverja pörun.
3. Ræktandi skal með góðum fyrirvara, þó eigi síðar en með 7 daga fyrirvara, tilkynna fóduraðila þegar hann vill nota rakkann til pörunar.
4. Fóduraðila er skylt að hafa rakkann tiltækan fyrir ræktanda þegar hann óskar eftir að nota hann til pörunar eins og að framan greinir og einnig fyrir sýningar/keppni/próf kveði samningsákvæði á um slíkt. Allur kostnaður sem má rekja til ræktunar/sýninga/keppna/prófa er greiddur af ræktanda.

Á við tíkur

5. Ræktandi skuldbindur sig til að framselja ekki réttindi sín samkvæmt samningi þessum.
6. Ræktandi hefur tíkina í allt að 3 vikur vegna pörunar, allt að 3 vikur fyrir áætlaðan gotdag og í allt að 10 vikur eftir got.
7. Ræktandi skal tilkynna fóduraðila með góðum fyrirvara þegar fyrirhugað er að para tíkina.
8. Fóduraðila er skylt að hafa tíkina aðgengilega ræktanda þegar hann óskar eftir að para tíkina, þegar kemur að goti og ef samningurinn kveður á um rétt til sýninga/keppna/prófa. Ræktandi ætti að hafa aðgengi að tíkinni 2 dögum fyrir og að hámarki 2 dögum eftir viðburðinn. Allur kostnaður sem má rekja til ræktunar/sýninga/keppni/prófa er greiddur af ræktanda.
9. Fóduraðili skal tilkynna ræktanda að tíkin sé að lóða um leið og hann verður var við slíkt.

Á við um bæði rakka og tíkur

10. Ræktandi og fóduraðili skuldbinda sig til að fylgja lögum og reglum HRFÍ.
11. Ræktandi skuldbindur sig til að hafa hundinn í umsjá fóduraðila að undanskildum greinum 2, 4, 6 og 14.
12. Fóduraðili skuldbindur sig til að annast hundinn endurgjaldslaut fyrir hönd ræktanda frá undirritun samnings og þar til samningur hefur verið uppfylltur og gengið er frá eigendabreytingu.
13. Fóduraðila er skylt að sinna hundinum á þann hátt að ræktandi geti nýtt réttindi sín samkvæmt samningi þessum.
14. Ræktandi skal hafa aðgengi að hundinum fyrir nauðsynlegar dýralæknaskoðanir.
15. Ef fóduraðili flytur búferlum þannig að ferðakostnaður

hækkar, skal fóduraðili standa straum af þeim kostnaði sem því fylgir. Ræktandi ákveður hvort hundurinn skuli afhentur á fyrra heimili eða hvort ræktandi fái bættan aukinn flutningskostnað.

16. Sé hundurinn líftryggður og komi til þess að greidd sé út líftrygging skal bótafjárhæðin hlutfölluð m.v. samningtíma og þann tíma sem fóduraðili hefur haft hundinn í sinni umsjá. Hafi tík átt got fyrir ræktanda þegar hún féll frá skal fóduraðili fá að lágmarki helming tryggingabóta.
17. Geti fóduraðili ekki haldið hundinn skal ræktandi taka við hundinum aftur innan tveggja vikna frá tilkynningu fóduraðila þar um, að því gefnu að ummönnum hafi verið í samræmi við greinar 4, 8, 12 og 13. Hvorugur samningsaðila á bótarétt á hinn aðilann vegna þessa.
18. Óski ræktandi eftir því að taka hundinn aftur til sín og fóduraðili samþykkir skal ræktandi greiða fóduraðila bætur. Bæturnar miðast við líftryggingafjárhæð og skal fjárhæðin hlutfölluð m.v. samningtíma og þann tíma sem fóduraðili hefur haft hundinn. Ef ræktandi ætlar ekki að nota hundinn í ræktun þá getur hann einhliða gengið frá eigendabreytingu til fóduraðila. Tilkynning um þetta skal vera í samræmi við reglur HRFÍ um eigendaskipti.
19. Ræktandi getur rift samningi og fengið hundinn til baka bótalest ef sýnt er fram á að fóduraðili hafi brotið ákvæði þessa samnings.
Dæmi um samningsbrot sem geta leitt til riftunar:
 - Fóduraðili hefur lánað rakka til undaneldis án samþykkis ræktanda eða að tík hefur verið pöruð án samþykkis ræktanda.
 - Fóduraðili veitir ræktanda ekki aðgengi að hundinum s.s. hann á rétt til sbr. 4. gr., 6. gr., 8. gr. og 10. gr.
 - Fóduraðili tilkynnir ekki um lóðarí tíkar.
20. Sá samningsaðila sem hundurinn dvelur hjá hverju sinni ber ábyrgð á hundinum þann tíma sem hann er í umsjá viðkomandi aðila.
21. Samningurinn er ekki framseljanlegur með sölu, gjöf eða erfðum.
22. Falli ræktandi frá fellur samningurinn úr gildi að öllu leyti og öðlast erfingjar hins látna ekki réttindi samkvæmt honum. Eignarhald hundsins færir yfir til fóduraðila.
23. Falli fóduraðili frá skal ræktandi taka hundinn til baka bótalest. Komist ræktandi og erfingjar fóduraðila að samkomulagi um að samningurinn skuli gilda áfram, skal gerður viðauki við hann þar sem fram kemur hver taki við réttindum og skyldum fóduraðila skv. honum.